

Kjarvalsstaðir

# Nýjungar í skúlpótúr

Sverrir Ólafsson myndhöggvari sýnir

Sverrir Ólafsson myndhöggvari sýnir um þessar mundir 33 verk á Kjarvalsstöðum og hefur verið ákveðið að framlengja sýningu hans til 4. nóvember. Verkin, sem bæði eru skúlpótúrur og veggmyndir, eru unnin í stál, kopar og tré.

Sverrir hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis en var síðast með einkasýningu 1978 í FÍM-salnum. Hann sagði í samtali við Þjóðviljann að þetta mætti kallast tíma-mótasýning þar sem bryddað

væri upp á ýmsum nýjungum sem ekki hafa sést hér áður svo að vitað væri. Hann sagði að sýningin hefði orðið illa fyrir barðinu á verkföllum en ekki síður afstöðu forstöðumanns Kjarvalsstaða, Alfreðs Guðmundssonar, til sýninga og annarrar menningarstarfsemi hússins. Það væri þó bót í máli að kaffistofan er rekin þar sem hún er í höndum einkaaðila. -GFr

Sverrir Ólafsson sýnir nýstárlega skúlpótúra. Ljós. Atll.



Norræna húsið

# Þrír kappar


Þrír kappar sýna nú myndir sínar í kjallara Norræna hússins. Þetta eru þeir Gunnar Örn Gunnarsson, Steinþór Steingrímsson og Samúel Jóhannsson. Trúlega er sá fyrstnefndi þekktastur þeirra, en blaðamaður Þjóðviljans gaf sig á tal við þá til að forvitnast dálítið um þá.

Steinþór sagðist vera hálfgerður neðanjarðarmaður og sáralítið hefði farið fyrir málu sinni þar til fyrir fáum árum en hann hefði um árin verið „altmugligmann“ til lands og sjós. Sl. tvö ár hefði hann stundað málverkið bæði sumar og vetur og væri það mikill munur. Steinþór kvaddist vera algerlega sjálfmenntaður í myndlistinni en hefði nú gefist upp á að losna við myndlistarbakteríuna sem hann hefði fengið snemma.

Samúel er frá Akureyri og hann hefur haldið eina einkasýningu þar og tekið þátt í nokkrum samsýningum og í málverkum hans er mikið „handapat“ – hendur á hreyfingu. Við höfum orð á því að við fyrstu sýn sé ekki óþekkur blær á myndum þeirra þremmenninga. Samúel segir það liggja kannski fyrst og fremst í tækninni m. a. frelsi í pensilstrokum, annað sé það e. t. v. ekki. Samúel er sjálfmenntaður og vinnur vaktavinnu annan hvern dag en málur hinn.

Gunnar Örn þarf líklega ekki að kynna. Hann hefur haldið 15 einkasýningar síðan 1970 og auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga. Síðast sýndi hann í Listmunahúsinu í fyrra. Við spyrjum hann hvort einhverjar nýjungar séu á ferðinni hjá honum að þessu sinni. Hann segir að það séu helst máláðir rekaviðar-skúlpótúrur sem hann sýni nú í fyrsta sinn en hann byrjaði að fíkta við þá fyrir tveimur árum. Ormar og fiskar og samspil manna við þá er líka áberandi móttíf hjá honum. Gunnar Örn sagðist hafa farið að kynna sér hinar frægu Flatartungufjalir í Þjóðminjasafninu fyrir þremur árum en á þeim er býsönsk dómsdagsmynd. Þetta hefði heltekið sig og nú væri hann á kafi í býsanskri list og fyndi vissan samhlóm við hana. Því aftur sem farið er í listasöguna, þeim mun betra, sagði hann. Hjá býsönskum listamönnum kemur fram viss afstöðufrelsi í listinni m. a. í samspili manna og dýra en þetta frelsi hverfur svo þegar kirkjan fer að gefa línuna. Flatartungufjalirnar opnuðu mér nýjan heim og síðan fór ég að kynna mér skreytingar á gömlu handritunum og þar kemur fram sama frelsið til lífsins og tilverunnar, viss kómík og léttleiki sem hrifur mig.

-GFr



Gunnar Örn: Býsönsk list heillar mig um þessar mundir.

# Sungjið við saumavélina

Kjuregej Alexandra Argunova sýnir myndverk unnin í efni

Kjuregej Alexandra Argunova frá Jakútíu í NA-Siberíu, sem búsett hefur verið á Íslandi (með hléum) um langt árabil heldur nú sína fyrstu myndlistarsýningu í anddyri Norræna hússins og sýnir þar myndverk unnin í efni (application) á árunum 1979-1984. Kjuregej var um hríð búsett í Kaupmannahöfn og þar fékk hún áhuga á myndsköpun í efni.

Efnin sem listakonan notar í myndir sínar eru flauel, silki, velúr, bómullarefni, leður og einnig eru perlu í sumum mynda hennar. Hún sagði í samtali við Þjóðviljann að margar af myndunum væru undir áhrifum frá íslenskri náttúru svo sem fjöllum og blómum en einnig gæti áhrifa frá fæðingarlandi hennar Jakútíu. Þær eru ýmsist figúratifar eða afstrakt. Hún sagði að vinna hennar á geðsjúkrahusum, þar sem hún hefur kennt leikræna tjáningu, hefði haft mikil áhrif á sig og þess gætti í sumum myndanna.

Og þarna eru líka myndir sem eiga sér kveikju í ljóðum Steins Steinarr en Kjuregej hefur miklar mætur á þeim. Annars sagði hún um myndir sínar: „Þetta er bara lífið“.

Kjuregej lagði stund á söng- og leiklistarnám í Ríkisleiklistarskólanum í Moskvu og útskrifaðist þaðan vorið 1966 eftir 5 ára nám. Sama ár flyst hún svo til Íslands og börnin urðu fjögur. Kjuregej hefur leikið með Leikfélagi Kópavogs, Leikfélagi Akureyrar og Barnaleikhúsinu í Hafnarfirði og þau þrjú ár sem hún var búsett í Danmörku lék hún með tilraunahópnum „Den blå hest“ og sýndu þau víða um Evrópu. Hún hefur kennt leiklist víða og oft sungið opinberlega svo sem með þjóðlagatríoinu Premli.

Kjuregej hefur ávallt verið skapandi listamaður og fengist bæði við batik og sauma og nú syngur hún við saumavélina.

-GFr

Austursalur Kjarvalsstaða.

# Steinunn í hvítu

„Hin mjúku mæti brotna í hörðum heimi“ heitir röð lágmynda á geysistörrí sýningu Steinunnar Marteinsdóttur í austursal Kjarvalsstaða sem opnuð verður nú um helgina. Steinunni er óþarfi að kynna en þetta er þriðja einkasýning hennar á Kjarvalsstöðum.

Sýning Steinunnar að þessu sinni hefur afar fagað og samræmt yfirbragð og má segja að

hún sé öll í hvítu og ber mest á postulíni, lágmyndir, vasar og kerskálar. Ennfremur eru allmargar myndir úr steinleir. Ekki er notast við hina stórkarla legu loftlýsingu salarins heldur hefur Kristinn Danielsson ljósameistari lýst alla sýninguna og í stað veggskilrúma hefur salnum verið skipt með þunnum hvítum slæðum. Það er því eins og ævintýri að koma þarna inn.

Steinunn sagði að flestar myndirnar væru unnar á síðasta ári en þó væri elsta myndin frá árinu 1961.

Steinunn: Mikill heildarsvipur er á allri sýningunni í austursal Kjarvalsstaða. Ljós.: Atll.

-GFr

